

HEIMAVIST MA OG VMA

Eyrarlandsvegur 28 • 600 Akureyri • sími 455-1600 • Fax 455-1601
www.heimavist.is • heimavist@heimavist.is • Kt. 630107-0160



Skýrsla fyrir skólaárið 2019 - 2020

Almennt

Lundur rekur nemendagarða fyrir báða framhaldsskólana á Akureyri; annars vegar í nýbyggingu Lundar og hins vegar í eldri byggingu sem áður hósti heimavist MA. Byggingarnar eru tengdar saman með björtu og rúmgóðu anddyri.

Lundur er sjálfseignarstofnun sem rekur nemendagarðana á grundvelli þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið frá desember 2001. Samningurinn kveður á um að Lundur tryggi íbúum nemendagarðanna frambærilegt húsnæði til búsetu, öruggar og heimilislegar aðstæður ásamt eftirliti með íbúunum auk viðunandi þvottþjónustu og fullnægjandi mótuneytisaðstöðu. Með samningi við mótuneyti MA felur Lundur mótuneyti MA að reka mótuneyti og þvottahús á nemendagörðunum samkvæmt þjónustusamningi Lundar við menntamálaráðuneytið.

Á nemendagörðum Lundar er rými fyrir 333 íbúa og er þá miðað við að tvímennt sé í öll herbergi nýbyggingar, í þrjú stærri herbergi á gömlu vistinni auk níu herbergja á svítum. Hefðbundnu herbergin á gömlu vistinni eru nýtt sem eins manns herbergi á veturna.

Aðsókn

Þegar lokað var fyrir umsóknir í byrjun júní var aðsóknin heldur minni en undanfarin ár og því engir biðlistar þetta árið. Þessi fækkun kemur þó ekki á óvart ef tölur Hagstofunnar um fjölda landsmanna í árgöngum og þróun eru hafðar til hliðsjónar. Þessi fækkun hefur gert það að verkum að íbúar hafa getað valið sér að leigja tveggja manna herbergi með baði og þannig hefur náðst að halda nokkuð góðri nýtingu á húsnæðinu. Þar með er sú krafa ekki óeðlileg gagnvart íbúum sem nýta sér búseturétt hjá Lundi, að þeir skuldbindi sig til að búa á görðunum yfir skólaárið á meðan þeir halda eðlilegri námsframvindu. Rétt er að benda á að góð nýting er mikilvæg fjárhagsleg forsenda garðanna.

Nemendum sem hætta námi eða falla frá námi er þó unnt að segja upp húsaleigusamningi með stuttum fyrirvara. Gengið er út frá því að ólögráða nemendur beggja skóla hafi forgang svo og nemendur sem sækja sérnám sem ekki er að finna í þeirra heimabyggð eða nám sem er mikilvægt skólunum. Að þessu frátöldu er lausu rými úthlutað í venjulegu hlutfalli 2/3 MA og 1/3 VMA, þó þannig að skólameistarar og framkvæmdastjóri Lundar leysi sameiginlega úr vandamálum, ef upp koma.

Fjöldi íbúa

Þegar heimavistin hóf starfsemi haustið 2019 voru flest öll herbergi nýtt en líkt og áður eiga þó nokkrar breytingar sér stað á þeirri íbúaskrá sem lagt er af stað með inn í skólaárið.

Ef miðað er við íbúafjölda 1. október 2019 þá voru alls 262 íbúar á heimavistinni eða 129 íbúar í MA og 133 íbúar í VMA.

Kynjahlutfall hefur haldist nokkuð svipað undanfarin ár en á þessu skólaári urðu nokkrar breytingar. Hlutfallið skiptist þannig milli skólanna: Hjá íbúum VMA voru alls 47% stúlkur og 53% piltar, hlutfall stúlkna hækkaði um 6 prósentustig. Hjá MA íbúum hefur hlutfall stúlkna minnkað mikið frá fyrra skólaári eða um 32 prósentustig og eru 33% stúlkur á móti 67% pilta. Kynjahlutfall allra íbúa er 57% stúlkur og 43% piltar.

Ef skoðuð er tafla 1 yfir aldursdreifingu íbúa haustið 2019 (miðað við 1. október) voru 79% allra íbúa ólögráða, 81% íbúa MA en 76% íbúa VMA.

Tafla 1 - Aldursdreifing íbúa í október 2019

	Aldursdreifing allra íbúa	Aldursdreifing	Aldursdreifing
		MA íbúa	VMA íbúa
Íbúar fæddir árið 2004	2%	3%	0%
Íbúar fæddir árið 2003	33%	33%	34%
Íbúar fæddir árið 2002	36%	39%	34%
Íbúar fæddir árið 2001	23%	25%	20%
Íbúar fæddir árið 2000	5%	0%	9%
Íbúar fæddir árið 1999	0.7%	0%	2%
Íbúar fæddir árið 1998	0%	0%	0%
Íbúar fæddir árið 1997	0.3%	0%	1%
	100%	100%	100%

Á hverju skólaári dvelja systkini á heimavistinni en þau fá sérstakan systkinaafslátt af húsaleigunni. Skólaárið 2019-2020 bjuggu alls 7 systkini (14 íbúar) á heimavistinni.

Lögheimili nemenda

Íbúar sækja heimavistina víða að af landinu og eins erlendis frá eins og tafla 2 sýnir, en hún sýnir flokkun íbúa eftir lögheimilisskráningu í október 2019:

Tafla 2 - Skipting íbúa eftir skólum og lögheimili í október 2019

	VMA íbúar	MA íbúar	Allir íbúar
Suðvesturland og Suðurland	10%	12%	11%
Vesturland	3.5%	2%	3%
Vestfirðir	3.5%	4%	4%
Norðvesturland	29%	22%	25%
Eyjafjörður (þ.m.t. Siglufjörður)	17%	27%	22%
Norðausturland utan Eyjafjarðar	19%	20%	19%
Austurland	18%	13%	16%
Erlendis			
	100%	100%	100%

Eins og sjá má eru flestir íbúar beggja skólanna frá Norðvesturlandi líkt og árinu áður.

Heimili íbúanna

Nemendagarðar Lundar eiga að vera tryggt og öruggt heimili íbúanna og er kappkostað að svo sé enda mikilvægt fyrir íbúa og foreldra/forráðamenn að haft sé eftirlit með hegðan og líðan íbúanna eins og kostur er. Lögð er áhersla líkt og áður á að íbúar temji sér góða umgengni á vistinni, umhirðu herbergja sinna, virði næðistíma á næturna og að öll meðferð áfengis og fíkniefna sé stranglega bönnuð og varði brottrekstur.

Reglum og eftirliti með hegðan og líðan íbúanna var skólaárið 2019-2020 líkt og undanfarin ár fylgt eftir með uppbyggilegum ábendingum og afskiptum eftir þörfum. Gangafundir voru haldnir tvisvar yfir veturinn þar sem reglur heimavistarinnar voru áréttaðar o.s.frv.

Hjúkrunarfræðingur hafði líkt og fyrri skólaár reglulega viðtals tíma á heimavistinni tvisvar í viku, klukkustund í senn og veitti íbúum aðstoð og liðsinnti um frekari heilbrigðisþjónustu ef á þurfti að halda. Almenn ánægja er með að geta boðið upp á þessa þjónustu.

Haldin var brunaæfing 1. október sem tókst með ágætum en mikilvægt er fyrir íbúa jafnt sem starfsmenn að æfa rýmingu á húsnæðinu ef á þarf að halda. Eftir rýmingu heimavistarinnar söfnuðust íbúar saman í Kvosinni í MA þar sem starfsmenn frá eldvarnaeftirlitinu fóru yfir hvernig til hefði tekist og hvað þyrfti að bæta.

Undanfarin skólaár hafa íbúar heimavistarinnar ásamt starfsfólki tekið á mótí grunnskólanemendum og kennurum þeirra úr nágrennabyggðalögunum. Heimsóknin er skipulögð í samstarfi við námsráðgjafa MA og VMA og felst í kynningu á heimavistinni. Á skólaárinu var tekið á mótí rúmlega 200 nemendum úr 8. 9. og 10. bekk frá 11 skólum úr nágrennabyggðalögunum og fengu þeir kynningu á heimavistinni. Að lokinni kynnisferð um húsnæðið var endað á setustofunni þar sem gestir gæddu sér á veitingum og

spjölluðu við starfsmenn og íbúa. Vel tókst til með kynninguna og hefur reynslan sýnt að þessar kynningar sem íbúar heimavistarinnar taka þátt í eru að skila sér.

Hagsmunamál íbúa

Íbúar kjósa sér hagsmunaráð heimavistarinnar, öðru nafni heimavistarráð. Heimavistarráð starfaði með framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum og vann að framgangi sameiginlegra hagsmunamála íbúanna. Heimavistarráð skipulagði einnig félagsstarf og vann að undirbúningi viðburða á heimavistinni. Á skólaárinu 2019-2020 stóð heimavistarráð fyrir laufabrauðsgerð og jólahlaðborði eins og undanfarin ár en minna varð um viðburði þegar líða tók á skólaárið þar sem loka þurfti heimavistinni í mars vegna heimsfaraldurs.

Agamál

Í samstarfi við skólameistara hefur Lundur mótað skýrar vinnureglur um meðferð og afleiðingar áfengisbrota á heimavistinni. Viðurlögin við áfengisbrotum fara eftir eðli brotanna en drykkja íbúa á heimavistinni er brottrekstrarsök. Þá hafa einnig verið mótaðar vinnureglur um meðferð og afleiðingar vímuefnanotkunar sem eru alvarlegustu brotin á agareglum vistarinnar.

Á skólaárinu urðu starfsmenn enn frekar varir við að íbúar væru að reykja rafréttur inn herbergjum með tilheyrandi afleiðingum. Íbúar fengu tiltal og áminningu og haft var samband við forráðamenn líkt og áhersla er lögð á þegar um agabrot er að ræða. Í ljósi reynslunnar voru reglur og eftirfylgni við rafrettunotkun íbúa í húsakynnum hertar.

Á skólaárinu þurfti að vísa 3 íbúum af vist vegna áfengisneyslu. Óvenju mörg fíkniefnatest voru tekin á skólaárinu sem hjúkrunarfræðingur sá um framkvæmd á eða alls 9 talsins. Engum var vísað af vist vegna þeirra.

Skipulags- og rekstrarmál.

Alls störfuðu níu starfsmenn á skólaárinu 2019-2020: Tveir starfsmenn á næturvakt, tveir starfsmenn á skiptum vöktum á daginn og kvöldin, einn starfsmaður á morgunvöktum og tveir helgarstarfsmenn.

Auk þjónustustjóra og framkvæmdastjóra. Í lok skólaársins lét annar næturvörðurinn af störfum og var hann kvaddur með viðeigandi hætti.

Á árinu unnu nokkrir íbúar á heimavistinni yfir vetrartímann. Starfið fólst í ýmis konar aðstoð við starfsmann á vakt s.s. við að ryksuga, fylla á lagera o.s.frv. Tveir íbúar störfuðu yfir vetrartímann og unnu að jafnaði alls 2-4 klst. á viku.

Af viðhaldi og endurbótum á húsnæði má nefna að lagt var parket á 13 herbergi, baðherbergi endurnýjuð á Miðgarði og Loftsolum. Auk þess var sett upp nýtt símkerfi.

Lokun heimavistar vegna Heimsfaraldurs

Covid-19 sem herjaði á heimsbyggðina alla hafði þau áhrif að loka þurfti heimavistinni 15. mars, en þá höfðu skólarnir ákveðið að loka líkt og stjórnvöld höfðu farið fram á.

Fréttir af lokun og takmörkunum voru gefnar út um hádegi á föstudegi og allir íbúar farnir til síns heima á sunnudeginum.

Líkt og gefur að skilja hafði faraldurinn og lokunin áhrif á rekstur heimavistarinnar en loka þurfti eins og áður hefur komið fram heimavistinni um miðjan mars. Alls varð tekjutap vegna útleigu á herbergjum um 26. milljónir. Um vorið voru íbúar kallaðir inn til að losa herbergin og þar sem enn voru sóttvarnarlög og hamlanir í gangi þurfti að raða íbúum inn eftir því hversu marga var hægt að taka inn í einu í húsnæðið til að losa herbergin.

Allt gekk þetta þó upp með samstilltu átaki starfsmanna, íbúa og forráðamanna.